

Skýrsla æskulýðs- og fræðslunefndar 2017

Opnir tímar fyrir félagsmenn Ljúfs voru í reiðhöll Eldhesta vikulega í vetur en Ljúfsfélögum sárvantar reiðhöll í hesthúshverfið. Félagsmenn voru sérstaklega hvattir til að fara með börnin í þessa opnu tíma. Reiðhöll er undirstaða öflugs æskulýðsstarfs hestamannafélaga.

Fulltrúi æskulýðsnefndar mætti á sameiginlegan fund æskulýðsnefnda á Suðurlandi með æskulýðsnefnd LH á Selfossi

Reiðnámskeið voru haldin á Völlum í júní skv. samstarfssamningi við Hveragerðisbæ, þar gefst öllum börnum á grunnskólaaldri í Hveragerði kostur á að fara á reiðnámskeið í eina viku fyrir lítið verð. Eldhestar skaffa hesta og reiðtygi en einnig má koma með sinn hest. Reiðkennari í ár var Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir. Þessi námskeið eru geysivinsæl og færri komast að en vilja. Það er sérlega ánægjulegt að taka þátt í þessum námskeiðum og sjá hve börnin ná fljótt tökum á hestamenskunni, þetta eru hestamenn framtíðarinnar!

Sameiginlegur æskulýðsreiðtúr Ljúfs, Háfeta og Sleipnis var hjá Ljúf þetta árið, því miður komst enginn félagi frá Háfeta en við fengum góða gesti frá Sleipni og fórum við í góðan reiðtúr og grilluðum pylsur á eftir, þetta eflir tengsl félaganna og er virkilega skemmtileg samvera.

Reiðnámskeið fyrir fullorðna var haldið í vor og kennari var Björg Ólafsdóttir.

Æskulýðs-og fræðslunefnd Ljúfs
Aldís, Bryndís, Smári og Snævar